

Sjónarmið og skoðanir íbúa
Þingeyjasveitar til skólamála:
Niðurstöður íbúafunda

Sigurgrímur Skúlason

Húsavík

2011

Inngangur	2
Umræðufundir	3
Úrvinnsla:	5
Almennar hugmyndir um skólamál	8
Hugmynd íbúa um skólana	8
Íbúaþróun og framtíðarsýn	10
Sátt eða ósætti í samfélaginu	11
Félagslíf og samheldni nemenda	13
Faglegt starf	14
Tengsl leikskóla og grunnskóla	14
Stjórn skóla	15
Skólamenning og innra starf skóla	16
Hluti 2: Viðbrögð við breytingahugmyndum	18
Hugmyndin um óbreytt fyrirkomulag	19
Hugmyndin um einn skóla	20
Hugmyndin um að leggja niður einn skóla	22
Sameiginleg yfirstjórn	26
Lokaorð	28

Inngangur

Vorið 2011 var gerð könnun á sjónarmiðum íbúa Þingeyjarsveitar til skólamála að undirlagi stjórnar sveitarfélagsins. Tilgangur skýrslunnar var að kanna hug íbúa áður en sveitarstjórn tekur ákvarðanir er varða framtíðarskipulag skólamála í sveitarfélaginu. Áður hafa verið gerðar úttektir sem lutu fremur að mögulegum útfærslum á fyrirkomulagi skólamála í sveitarfélaginu en hugmyndum íbúanna. Skipaði sveitarfélagið nefnd sjö íbúa sem unnu með skýrsluhöfundi að undirbúningi og framkvæmd verkefnisins.

Þegar leitað var til skýrsluhöfundar var strax lögð áhersla á að verkefnið væri að kanna hugmyndir og skoðanir íbúa fremur en að greina kosti og galla hugsanlegra leiða í fyrirkomulagi skólamála sem velja mætti um.

Óvinnandi vegur er að safna gögnum um skoðanir og sjónarmið allra íbúa í sveitarfélagi af þeirri stærðargráðu sem Þingeyjarsveit er. Miðað við umfang verkefnisins var ljóst að nauðsynlegt yrði að skipuleggja einfalda leið til að safna gögnum frá íbúum.

Nokkrar leiðir við gagnasöfnun voru íhugaðar. Ákveðið var að nota einhverja útfærslu af rýnifundum. Á slíkum fundum ræða nokkrir þátttakendur ásamt hópstjóra um viðfangsefni rannsóknar eða matsverkefnis. Gögn sem safnað er felast síðan í upptökum á samræðum, minnispunktum sem ritaðir eru jafnóðum eða að þátttakendur skrifa niður sínar skoðanir og sjónarmið jafn óðum. Í þessu verkefni var ákveðið að fara þá leið að láta þátttakendur skrifa hugmyndir eða stuttar setningar um sjónarmið sín. Umræður gegndu því hlutverki að koma þátttakendum á skrið í hugrenningum sínum og að ýta undir að þeir rifjuðu upp fjölbreyttari hugmyndir eða sjónarmið. Jafnframt bregst fólk við slíkum umræðum með því að skrifa niður sjónarmið sín um skoðanir sem fram koma í umræðum og bregðast við þeim. Á fundum nefndarinnar kom upp hugmynd að laga fundina að fyrirkomulagi þjóðfunda sem haldnir voru í Reykjavík árin 2009 og 2010. Aðferðum sem þar er beitt eru í reynd afbrigði af rýnihópa-aðferð og því fólst ekki mikil breyting frá undirbúningshugmyndum að laga aðferðina að einhverju leyti að þjóðfundum.

Umræður voru skipulagðar í tveimur lotum. Í fyrri lotunni lutu umræðuefni að skólamálum almennt. Í síðari lotunni var rætt um nokkrar hugmyndir að framtíðarskipulagi skólamála í Þingeyjarsveit. Umræðuefni í fyrri lotunni þjónuðu þeim tilgangi að koma á umræðu um skólastarfið, nemendur, kennslu og fleira. Með því móti var ætlunin að beina umræðu um leiðir í skólamálum inn á kosti og galla þeirra fyrir skólastarfið. Umræðuefni í fyrri lotu lutu að skólastarfi almennt, nemandanum í skólanum og að stöðu skólans í samfélaginu. Umræðuefni í seinni

lotunni lutu að hugmyndum um útfærslur í skólamálu. Um var að ræða þrjá flokka hugmynda. Í fyrsta lagi hugmyndir sem hafa verið upp á borðinu, að halda áfram með óbreytt skipulag skólamála og að byggja nýjan sem tæki við af öllum núverandi skólum. Í öðru lagi, tvær minna ræddar hugmyndir, að sameina núverandi skóla í eina stofnun með mörgum starfsstöðvum og að sameina núverandi skóla í eina stofnun með Framhaldsskólanum að Laugum. Að síðustu voru ræddar þrjár hugmyndir sem hver um sig fólst í að einum skólanna þriggja yrði lokað og nemendur færu í annan hinna skólanna. Litið var á fyrri tvo flokkana sem dæmi um hugmyndir af svipuðum toga, einskonar úrtak úr hópi fleiri hugmynda. Þriðji flokkurinn gegnir því hlutverki að stilla upp róttækri breytingu á hverjum stað og gefa íbúum tækifæri til að tjá sig um breytingar sem ýmist eru miklar eða litlar á þeirra heimasvæði.

Fyrir lá að erfitt gæti verið að fá íbúa Þingeyjarsveitar til að fjalla efnislega um skólamál, um kosti og galla við skóla í sveitarfélaginu. Skólamál hafa verið í brennidepli árum saman og fyrir hefur legið að sveitarfélagið verður að bregðast við með ákvörðunum um framtíðarskipulag. Í ljósi þess að erfitt gæti verið að koma umræðu upp úr farvegi sem mótaður er af umræðu liðinna ára var ákveðið að hefja umræðu í rýnihópum á umæðu um nokkur efni er lúta almennt að skólamálu og takast síðan á við hugmyndir að útfærslum eða leiðum í framhaldi.

Umræðufundir

Haldnir voru 5 fundir með íbúum. Ólíkir hópar íbúa komu að fundum. Í fyrsta lagi voru haldnir þrjár fundir, einn í hverjum grunnskóla, fyrir almenna íbúa sveitarfélagsins. Að auki var haldinn fundur með starfsmönnum skóla. Ástæða þess var að strax í upphafi var sú hugmynd sett inn í undirbúningsferlið af fulltrúa sveitarfélags og skýrsluhöfundum. Starfshópurinn tók einnig undir þá hugmynd. Eftir á að hyggja virðast það hafa verið óheppilegt að draga starfsfólk út úr hinum almennu íbúafundum. Að síðustu komu nemendur frá 9 ára aldri og upp í 15 ára aldur á sérstakan fund. Á fundina mætti 29 nemendur úr 5. til 7. bekk, (6 úr Litlulaugaskóla, 12 úr Hafralækjarskóla og 11 frá Stórutjarnaskóla) og 41 á úr 8. til 10. bekk (12 úr Litlulaugaskóla, 16 úr Hafralækjarskóla og 13 frá Stórutjarnaskóla). Voru þetta allir nemendur sem mættir voru þennan dag og höfðu fengið heimild foreldra til að mæta á fundinn. Á fundi í einstökum skólum mættu 25 í Litlulaugaskóla, 16 í Hafralækjarskóla og 35 frá Stórutjarnaskóla. Auk þess mættu 16 á fund fyrir starfsmenn skóla. Voru fundirnir opnir öllum íbúum.

Umræðuefni hjá fullorðnum voru 13 og skiptust þau í tvo flokka. Í fyrri flokknum voru efni er lutu almennt að skólamálum. Í hinn flokkinn voru valin dæmi um leiðir til að bregðast við í skólamálum, ákvörðunum eða stefnumótun. Efni í fyrri flokknum lutu að innra starfi skóla, samfélagslegu umhverfi og að nemendum. Þemu sem tengdust ákvörðunum um stefnumótun í skólamálum voru þrenns konar, leiðir sem rædda hafa verið, hugmyndir sem ekki hafa verið eins áberandi í umræðu og að síðustu leiðir þar sem einn skólanna er lagður niður.

Í fyrsta flokknum voru tvö efni er lutu að hugmyndum sem verið hafa í umræðu. Í fyrsta lagi að skólastarfi yrði breytt. Í öðru lagi að einn nýr skóli yrði reistur fyrir allt sveitarfélagið. Þessar hugmyndir fela í sér nokkrar andstæður en eiga það sameiginlegt að hafa nýverið verið uppi á borði. Það er rétt að taka fram að það að breyta engu eða mjög litlu yrði meðvituð ákvörðun af hálfu sveitarfélagsins á tímum þegar áhrif kreppunnar þrengja að sveitarfélaginu. Því gegnir þetta umræðuefni bæði hlutverki einnar leiðar í skólamálum og einnig að setja einskonar viðmið gagnvart öðrum umræðuefnum.

Í öðrum flokki umræðuefna var annars vegar fjallað um að draga alla skóla saman í eina stofnun sem lyti sameiginlegri yfirstjórn. Hitt umræðuefnið sem lagt var upp fólst í að koma á fót einum skóla í Þingeyjarsveit, þar sem allir þrír skólarnir væru starfsstöðvar auk þess sem Framhaldsskólinn á Laugum yrði hluti þessarar stofnunar.

Í þriðja flokknum voru þrjú umræðuefni. Laut hvert þeirra að því að einn skólanna yrði lagður niður og nemendur sæktu nám í annan hvorn hinna skólanna. Til að ná betur utan um niðurstöður í þessum flokki voru umræðuefnin endurskilgreind þannig að það umræðuefni sem lagði til að skólinn sem fundur var haldinn í yrði lagður niður var flokkað sérstaklega sem „okkar skóli“ en hin tvö umræðuefnin voru flokkuð sem „annar skóli“ við þessa greiningu. Þessa endurflokkun umræðuefna má sjá í töflu 1.

Tafla 1. Flokkun við úrvinnslu á umræðuefnum um fækkun skóla.

Umræðuefni	Laugar	Stórutjarnir	Hafralækur
Skólahald á Laugum og Stórutjörnum	Annar	Annar	Okkar
Skólahald á Hafralæk og Stórutjörnum	Okkar	Annar	Annar
Skólahald á Laugum og Hafralæk	Annar	Okkar	Annar

Íbúum sem mættu á fundina var skipt upp á umræðuborð þannig að álíka margir væru í hverjum umræðuhóp. Þeir sex einstaklingar sem sátu í undirbúningsnefnd ásamt höfundu þessarar skýrslu gegndu hlutverki hópstjórar í umræðum á hverju borði fyrir sig. Sáu þeir um að kynna hvert umræðuefni, passa upp á að enginn einn einstaklingur einokaði umræður á borðinu og að ýta við fólki að skrá skoðanir sínar á miðana. Höfundur gekk á milli umræðuborða á íbúafundunum og var til staðar þegar útskýra þurfti eða svara fyrir atriði er lutu að verkefninu. Eftir að umræðufundum lauk var hlutverki þeirra lokið.

Úrvinnsla:

Allar færslur á hverjum miða voru settar í gagnagrunn og auðkenndar eftir því úr hvaða umræðuhóp þær komu, hvert umræðuefnið var og hvort færslan var færð sem kostur eða ókostur. Algengast var að ein til þrjár færslur væru á hverjum miða, en mest voru um 10 færslur á sama miða. Miðar sem engin færsla var skráð á voru ekki færðir inn. Algengast var að stuttar setningar eða stykkorð væru færð á miða, en nokkuð var um fullar setningar. Þegar lengri setningar voru skráðar var í sumum tilvikum einungis skráður merkingarlegur kjarni setningarinnar, þetta átti einnig við þegar sama merking fólst í setningunni og í styttri færslum. Til dæmis voru lengri setningar sem lutu að lengd skólaaksturs settar inn með sama texta og stykkorð sem viku að skólaakstrinum.

Sumar færslur fólu í sér upphrópanir eða slagorð, til dæmis „fráleitt“, „út í hött“, „fáránleg hugmynd“, „vonlaust“, „vond hugmynd“ eða „alslæmt“. Einnig var talsvert um að fært var „engir kostir“ undir dálkinn kostir, slíkar færslur voru skilgreindar sem ókostir við innslátt á gögnum. Hvoru tveggja er talið með neikvæðum færslum og stundum notaðar til stuðnings við túlkun á efnislegum færslum. Þessar færslur sýna sterk viðhorf og að ekki sé ástæða til að ræða umræðuefnið frekar. Önnur ástæða virðist vera að hugmynd hafi verið rædd það mikið í samfélaginu og pólitík að þátttakanda hafi þótt hún útrædd og afgreidd. Í sumum tilvikum voru fleiri færslur á þessum miðum sem styrktu slíkar túlkanir.

Úrvinnsla fólst í að leitað var eftir sameiginlegum þemum eða skoðunum í gögnunum. Strax varð ljóst að gífurlega sterkar andstæður var þar að finna í sjónarmiðum til sama þema eða sömu hugmynda. Komu þau bæði fram bæði á milli hópanna sem mættu á ólíka staði en einnig innan sama hóps. Til dæmis virtust mótsagnir í sjónarmiðum sömu hópa sem fram komu þegar rætt var almennt um

skólamál og síðar þegar rætt var um tilteknar leiðir eða útfærslur sem gerðu úrvinnslu erfiða. Eftir að sama hugmynd finnst að baki hóps af færslum er leitað eftir tengslum milli hugmynda og reynt að draga fram almennari þemu sem lýsa hugmyndum og skoðunum íbúanna sem heild.

Erfiðleikar komu upp í upphafi úrvinnslunnar vegna nálægðar höfundar við tiltekna einstaklinga. Höfundur var í samskiptum við sex einstaklinga sem sátu í skólamálanefnd og skólastjórnendur við undirbúning og framkvæmd íbúafundanna. Þegar kom að innslætti og úrvinnslu gagna, komu upp tilvik þar sem höfundur tengdi ákveðnar færslur við sjónarmið einhverra þessara einstaklinga. Höfundur hafði gengið milli umræðuborða á íbúafundunum og gat einnig tengt ákveðna miða við ákveðna einstaklinga við borðin. Höfundur varð fljótlega ljóst að hann yrði að skapa meiri fjarlægð frá þessum áhrifum með því að láta gögnin bíða um stund. Því var úrvinnslu hætt um sinn og tekin upp u.þ.b. þremur vikum síðar. Þar sem engin tengsl voru milli höfundar annars vegar og einstaklinganna í undirbúningshópnum og skólastjóra hins vegar fyrir upphaf þessa verkefnis var þessi tími talinn nægjanlegur. Að þeim tíma liðnum var mun auðveldara fyrir höfund að meðhöndla gögnin hlutlaust sem dæmi um skoðun eða sjónarmið ótiltekins íbúa.

Gögnin sem safnað var í þessu matsverkefni eru eigindaleg. Markmið þeirra er að draga fram fjölbreytni í hugmyndum og sjónarmiðum íbúa um skólamál. Ein helsta vísbending um að gögn í slíkum rannsóknum séu fullnægjandi er að fram komi mettni í þeim. Í því felst að festa kemst á þær hugmyndir eða þemu sem fram koma og að ný gögn hætta að bæta fleiri flötum við þá sem þegar hefur komið fram. Í þessu verkefni næst þetta markmið að hluta til en ekki að fullu. Ákveðin þemu koma mjög skýrt og endurtekið fram. Þau koma fram á öllum stöðum þó blæbrigði séu í birtingarmynd þeirra á ólíkum stöðum. Hinsvegar eru önnur þemu sem æskilegt hefði verið að fá fyllri mynd af með stærra gagnasafni en það var ekki unnt vegna takmarkana á umfangi verksins.

Í fyrri hluta skýrslunnar er fjallað um almenn þemu eða meginhugmyndir sem fram koma í gögnunum. Við úrvinnslu eru færslur flokkaðar og fundin sameiginleg þemu eða hugmyndir að baki þeim. Síðan er reynt að draga fram almennari þemu sem fjallað er um í fyrri hlutanum. Við úrvinnslu er meira horft á færslur sem fram koma undir umræðum í seinni hluta umræðufundanna, hugmyndir um fyrirkomulag í skólamálum.

Í síðari hluta er síðan litið á gögnin út frá þremur meginhugmyndum að baki umræðuefnum um skólamál. Við úrvinnslu var meiri áhersla lögð á að draga fram almenn þemu eða hugmyndir, en þegar á úrvinnslu stóð virtist sem erfitt væri að

draga fram fullnægjandi myndir án þess að líta á gögnin út frá þessari hlið líka. Var henni því bætt við eftir að almenni hlutinn lá fyrir. Í þessum hluta er að mestu stólað á gögn úr seinni hlutanum en önnur gögn mynda þó enn bakgrunn sem dreginn er inn í myndina til að fylla upp í.

Gögn úr fyrri hlutanum koma víða inn og móta að miklu leyti ákveðinn bakgrunn og fyllir upp í þá mynd sem kemur fram í seinni hluta umræðufundanna. Til að mynda eru hugmyndir um skólaímynd og sérkenni skólanna byggðar á fyrri hluta gagnanna. Gögn sem fengust á fundum með nemendum koma einkum inn í þessa úrvinnslu með þeim hætti að þau styrkja og fylla upp í hugmyndir um skólasamfélagið. Þau gegna einnig mikilvægu hlutverki við að skapa mótvægi eða réttmætispróf á gögn sem koma frá fullorðnum. Að ýmsu leyti sýna þau að gögn frá fullorðnum draga upp ógangrýna mynd af skólamenningu og að horft er framhjá ákveðnum veikleikum í núverandi skólaumhverfi. Þrátt fyrir að gögn frá unglíngum dragi fram ákveðið misræmi við gögn frá fullorðnum staðfesta þau eða styðja mjög margt í fullorðinsgögnunum.

Almennar hugmyndir um skólamála

Hugmynd íbúa um skólana

Hugmyndir íbúa um skólann sinn er almennt jákvæð og fastmótud. Þær koma fram í almennu umræðunum og einnig birtast þær í viðbrögðum við hugsanlegum breytingum. Allir eru skólarnir mikils metnir meðal íbúanna og hlutverk þeirra ótvírætt. Þó ávallt sé eitthvað sem sker hvern skóla frá öðrum í huga íbúanna eru samt þemu sem eru öllum skólunum sameiginleg.

Hver skóli hefur sína sérstöðu sem er ítrekað dregin fram, til dæmis má nefna tónslitarkennslu í Hafralækjarskóla, íþróttastarf í Litlulaugaskóla og stuðningsþjónustu í Stórutjarnarskóla. Þessi atriði koma ítrekað fram í færslum undir ólíkum umræðuefnum. Þess utan sýna gögnin að í mörgum tilvikum liggja styrkleikar skólanna samsíða. Alls staðar er lögð áhersla á samheldni nemenda og að einelti þekkist ekki. Lögð er áhersla á góð tengsl kennara og nemenda, faglegan styrk starfsfólks, samfellu leik og grunnskólastigs, að skólinn sé þungamiðja í samfélaginu og að stjórn skólanna sé markviss.

Færslur er lúta að því að samheldnin vinnur upp á móti veikleikanum sem felst í fámenninu sýna að þetta er miðlægt þema á öllum stöðum. Samheldnin kemur mjög skýrt fram í færslum um daglegt skólastarf en einnig þegar kemur að félagslífinu. Það kemur fram bæði hjá nemendum og fullorðnum, en er sérstaklega áberandi í gögnum nemenda. Þegar kemur að almennu starfsfólki benda nemendur í mögum færslum á góð og persónuleg tengsl við kennara en fullorðnir víkja fremur að góðu faglegu starfi og kennslu í sínum færslum. Samhengi milli skólastiga kemur lítt fram í almennum færslum en birtist sem eftirsóknarverður þáttur í skólastarfi sem mikilvægt sé að glattist ekki. Einnig kemur sterk og markviss stjórn skólanna fram sem þema í gögnum frá fullorðnum á öllum stöðum. Birtast slíkar færslur meðal annars í áherslu á að núverandi stjórnendur stýri skólunum áfram þrátt fyrir breytingar. Að síðustu má benda á að skólinn sé þungamiðja í samfélaginu. Þessi ímynd kemur mjög sterkt fram að Litlulaugum og á Stórutjörnum en kemur veifar fram í Hafralæk.

Þegar horft er frá almennari atriðum sem fjallað var um að ofan og litið á sértækari færslur koma ákveðin atriði í kennslu eða skólastarfi einnig fram sem styrkleikar í ímynd skólanna. Tónlist í Hafralækjarskóla, íþróttir á Litlulaugum og handmennt eða smíðar á Stórutjörnum. Þessum atriðum er hrósað þegar fjallað er um þau með beinum hætti, til dæmis þegar nemendur ræða um skólann eins og hann er í dag eða

Þegar fullorðnir ræða um hvað sé gott hjá hverjum skóla og um félagslíf nemenda. Nemendur eru almennt mjög jákvæðir gagnvart því sem horft er á sem styrkleika, lýsa þeim sem gefandi. En einnig kemur í öllum skólunum fram ótti við að missa þessa þætti niður ef hróflað er við „okkar skóla“.

Þrátt fyrir þessa jákvæðu sýn koma á sama tíma fram færslur með athugasemdum sem benda til veikleika samhliða þessum styrkleikum. Hjá nemendum koma færslur þess efnis að þeir telji tvímælaust að ávinningur yrði af því að vera í stærri skóla. Það yrði meiri fjölbreytni. Fram kemur að nemendum finnst missir af því að njóta ekki þess sem talið er vera styrkleikinn við hina skólana. Horft er til íþróttaaðstöðunnar að Litlulaugum og tónlistarkennslu í Hafralæk, svo dæmi séu tekin, þeim augum að ávinningur væri fyrir alla nemendur í sveitarfélaginu ef þessir þættir stæðu öllum til boða. Önnur hlið sem fram kemur í allmörgum færslum er að þrátt fyrir þessa styrkleika sjá nemendur almennt fyrir sér að unnt yrði að gera enn betur á þessum sviðum í stærri skóla. Hjá nemendum í Hafralækjarskóla koma fram færslur þess efnis að í stærri skóla væru hægt að bjóða upp á kennslu á fleiri hljóðfæri. Fjölmargar færslur nemenda lúta að því að íþróttastarf yrði fjölbreyttara og meira spennandi í stærri skóla. Á þetta bæði við að því leyti að fleiri íþróttagreinar yrðu kenndar og að fleiri stundi hverja, t.d. að unnt verði að „ná í heilt lið“. Færslur frá fullorðnum víkja oft að þessum sama veikleika, að hóparnir séu orðnir of litlir þegar fjallað er um félags- og íþróttalíf, þó svo að þessi atriði séu almennt talin meðal styrkleika skólanna.

Stuðningsþjónusta er enn eitt dæmi sem fram kemur sem styrkur í öllum skólunum. Lögð er áhersla á ólíka þætti eftir skólum, sérkennslu, námsráðgjöf eða sálfræðiþjónustu, auk þess sem mismikil áhersla virðist á stuðningsþjónustu sem sérstöðu „okkar skóla“. Áhersla á þennan styrkleika er einkum áberandi í Stórutjarnaskóla þar sem dregin er upp ákaflega sterk mynd af styrkleika tengdum stuðningsþjónustu og ólíkt því sem almennt gerist í þessum gögnum, slær þar hvergi skugga á. Í hinum skólunum eru færslur sem koma inn á veikleika í stuðningsþjónustu allnokkrar. Lúta þær athugasemdir bæði að því sem horft er á sem styrkleika í Litlulaugaskóla og Hafralækjaskóla. Talað er um kosti en jafnframt að það megi gera betur, t.d. varðandi biðtíma. Einnig er vikið að því að upp á vanti þegar þjónusta er ekki í boði. Í Stórutjarnaskóla lúta neikvæðar færslur hins vegar eingöngu að því að ákveðin þjónusta sé ekki í boði.

Að lokum er rétt að draga fram að á sama tíma og dregin er upp mjög sterk ímynd af kostum skólans meðal íbúa á skólasvæði hvers um sig, kemur fram að algengt er að íbúar viti lítið um „hina skólana“. Lögð er áhersla á að ákveðnir hlutir séu styrkleikar í „okkar skóla“ á sama tíma og fram kemur að almennt vita íbúar lítið um hvað eða hvernig hlutir eru í hinum skólunum. Kemur þetta meðal annars fram í því

að á sömu miðum eru færslur sem tiltaka ákveðna vel þekkta styrkleika hvers skóla fyrir sig þegar talað er um „hina skólana“ en síðan í framhaldi færslur eins og „þekki ekki til á hinum stöðunum“. Þetta vekur upp spurningar um á hverju hin sterka skólaímynd sem ítrekað kemur fram byggir. Bendir þetta jafnvel til þess að mat á styrkleikum skólans sé að hluta til brenglað vegna skorts á þekkingu á því hvernig skólastarf er á öðrum stöðum.

Íbúapróun og framtíðarsýn

Færslur sem koma inn á íbúapróun líta almennt svo á að fremur séu líkur á að íbúum fækki en að byggðin styrkist. Algengast er að færslur víki að íbúapróun í tengslum við fækkun starfa í skólum eða hugsanlega styrkingu byggðar í framhaldi af framkvæmdum við Vaðlaheiðagöng eða atvinnuuppbyggingu á Húsavík. Almennt kemur ekki fram í hverju styrking byggðar samhliða þessum framkvæmdum felst. Einu slíku tilvikin lúta að því að hugsanlega fjölgi íbúum vestast í sveitarfélaginu vegna þess að raunhæft verði að búa í sveitinni austan Vaðlaheiðar en sækja vinnu á atvinnusvæði Akureyrar. Einnig víkja fáeinar færslur að því að lítil áhrif verði af þessum framkvæmdum nema næst þjóðveginum

Hugmyndir um skólann sem kjarna nærsamfélagsins koma fram í ímynd allra skólanna og tengist meðal annars hugmyndum um hvernig samfélag íbúar sjá fyrir sér. Hér kemur skýrast fram andstaða milli hugmynda um dreifbýlt sveitasamfélag annars vegar og sterkan þéttbýliskjarna. Þessar hugmyndir kristallast skýrt milli skólasamfélaga að Laugum og á Stórutjörnum. Fáar færslur lúta beint að þessu en því algengara að atriði þessu tengt komi fram í áhyggjum vegna breytinga. Búseta í sveit eða dreifbýli kemur fram í færslum sem valkostur og að honum fylgja ákveðin lífsskilyrði. Fámennur skóli er ein hlið þessa og virðist talin kostur fremur en ókostur af þeim sem þetta sjónarmið aðhyllast. Skólar í Þingeyjarsveit eru þó almennt taldir fremur veikir vegna fámennis, þó breytilegt sé hve alvarlegum augum þetta er litið. Algengt er að á færslum tengdum Litlulaugaskóla sé litið á stærri skólaheild jákvæðari augum en í færslum frá Stórutjörnum. Í báðum skólasamfélögum er horft á sterkan skóla sem lífæð í framtíðaruppbyggingu. Hann er lykilatriði þess að íbúum fjölgi á Stórutjarnasvæðinu samfara hugsanlegri gerð Vaðlaheiðaganga og einnig forsenda sterks samfélags kringum Framhaldsskólann á Laugum. Allnokkra togsreytu má merkja milli þessara póla. Til dæmis er það oft litið ólíkum augum að nemendum verði ekið milli Lauga og Stórutjarna, það er „alvarlegt“ eða „ófært“ að nemendum verði ekið frá „okkar skóla“ og „yfir heiðina“ en „óheppilegt“ að nemendum verði ekið að okkar skóla vegna „vegalengdar“.

Í gögnunum koma því bæði fram áhyggjur eða von íbúa um íbúaþróun og breytingar á samfélaginu og einnig hugmyndir um ákveðna tegund byggðar sem íbúar vilja varðveita og styrkja. Það virðist vera mikil togstreita í samfélaginu milli ólíkrar sýnar á hvernig samfélag íbúar sjá fyrir sér og sækjast eftir.

Sátt eða ósætti í samfélaginu

Sátt eða ósætti í samfélaginu er mikilvægt þema sem kemur fram með nokkuð ólíkum hætti. Undir sátt í samfélaginu verður einnig að flokka andstæðan pól, togstreitu milli svæða innan samfélagsins. Togstreitan kemur fram með tvennum hætti. Annars vegar sem togstreita milli einhverra tveggja af skólasvæðunum og hins vegar togstreita milli Þingeyjasveitar og nágrennasveitarfélaganna. Togstreita innan sveitarfélagsins er mun frekar áberandi milli skólasvæða Litlulaugaskóla og Stórutjarnaskóla en togstreita milli Hafralækjar og annars hinna skólanna. Þegar önnur sveitarfélög koma inn í myndina er það einkum Akureyri sem kemur inn í myndina.

Almenn samstaða kemur skýrt fram í færslum þar sem lýst er áhyggjum vegna þess að aðgerðir sem hafa neikvæð áhrif í einum hluta sveitarfélagsins, en ekki öðrum leiði til ósættis. Sjónarmið af þessu tagi koma fram frá öllum fundarstöðum gagnvart öllum breytingum sem hafa afdrifamiklar neikvæðar afleiðingar á einu svæði í för með sér. Til dæmis eru færslur frá öllum svæðum sem lúta að því að ákveðin breyting yrði „vond fyrir...“ annað svæði eða þegar talað er um að þegar starfsfólki kemur til með að fækka verði að „huga að öllum svæðum“. Undir þetta þema má einnig flokka færslur sem meta aðgerðir út frá því hvort þær reynist „sársaukafullar“ eða „mildar“. Á sömu miðum eru einnig færslur sem lúta að hægfare breytingum. T.d. er talað um ákveðna breytingu sem „góða byrjun“ eða að „minnka starf í sumum skólum eftir einhvern tíma“ í framhaldi af lítilli breytingu. Svipaðar hugmyndir má sjá að baki jákvæðum færslum um þegar rætt var um óbreytt ástand í skólamálum. Ein helstu rökin við því að viðhalda skólastarfi á öllum þremur stöðum í einhvern tíma eru að það ýti ekki undir ósætti. Slíkar færslur lúta að því að það verði að sameina sveitarfélagið í eina heild. Sama hugsun virðist einnig koma fram í áhyggjum af neikvæðum afleiðingum ef ákvörðun um fyrirkomulag skólamála hefði afdrifaríkari áhrif í einum hluta sveitarfélagsins en öðrum.

Á svipuðum nótum, þó að vissulega megi allt eins flokka slíkar færslur sem áherslu á einn hluta sveitarfélagsins, eru færslur sem vísa í óvissu vegna hugsanlegra

framkvæmda sem geti styrk íbúaþróun að nýju. Má þar nefna færslur þess efnið að óheillavænlegt geti verið að veikja Stórutjarnaskóla núna ef verður af gerð Vaðlaheiðaganga á næstu árum og færslur sem styðja breytingar sem viðhaldi skólastarfi á öllum þremur stöðum þar til áhrif Vaðlaheiðaganga eða stóriðjuframkvæmda verði ljósar.

Tveir skýrir pólur togstreitu tengjast skólaakstri og húsnæðismálum skóla. Færslur tengdar þessum atriðum eru einna algengastar af öllum færslum í gagnsafninu. Gott skólahúsnæði er að Stórutjörnum og á Hafralæk en þéttust byggð og ýmis aðstaða er að Laugum en slakara húsnæði er þar fyrir grunnskólann. Skólaakstur lengist fyrir einhverja nemendur ef dregið verður úr kennslu á einhverjum af núverandi skólastað. Heiðin milli Stórutjarna og Lauga kemur skýrt fram í færslum og er talin takmarka möguleika á að endurskipuleggja skólalald í sveitarfélaginu. Ljóst er af gögnunum að þessi atriði eru ofarlega í hugum íbúa.

Þar sem togstreita kemur fram milli svæða utan Þingeyjarsveitar beinist hún að tengslum og þjónustu í nágrannasveitafélögum sem valkosti við tengslum og þjónustu innan samfélagsins í sveitarfélaginu. Skýrustu dæmin, en kannski ekki þau djúpstæðustu, eru möguleikar á að sækja skólaþjónustu til Akureyrar eða Húsavíkur. Þegar Akureyri á í hlut koma bæði upp möguleikinn á að sækja framhaldsskóla á Akureyri og að sækja stuðningsþjónustu þangað. Þessi togsteita kemur sterkast fram þegar fjallað er um Framhaldsskólann að Laugum sem hluta af skólasamfélagi Þingeyjarsveitar. Þá koma fram sterk viðbrögð í færslum sem líkja hugmyndinni við ógn við sjálfstaði nemenda, „þau verða að fá að hafa val“ eða að „þvinga“ eigi nemendur þegar að vali á framhaldsskóla kemur. Svipaðar áhyggjur á faglegri nótum lúta að hugmyndinni að sama „braut hentar ekki öllum“. Hér kemur mjög sterkt fram hvernig íbúar horfa í ólíkar áttir eftir kjarna eða miðpunkti í þjónustu. Þessi sterku neikvæðu viðbrögð gagnvart öflugra skólasamfélagi í Þingeyjarsveit eru skörp andstaða við færslur sem sjá í hugmyndinni möguleika á að styrkja faglegt starf skólanna. Ef litið er á einstaka íbúafundi voru neikvæð viðbrögð algengust á fundinum að Stórutjörnum á meðan færslur sem lögðu áherslu á styrkingu samfélagsins eða faglega skólasýn voru algengari á hinum stöðunum. Að Stórutjörnum voru færslur með upphrópunum algengar, til dæmis „fáránlegt“. Engu að síður komu þar einnig fram jákvæð sjónarmið, t.d. færslur er lutu að fjölskylduadstaðum eins og því að nemendur væru lengur í námi nærri heimili, eða fagleg sjónarmið eins og að „samfella“ í skólastarfi yrði meiri.

Önnur birtingarmynd togstreitunnar liggur í átt að Húsavík. Í nokkrum færslum er velt upp valkostinum milli þess að kaupa stuðningsþjónustu frá Húsavík eða Akureyri. Tengist það einkum mikilli ánægju með þá þjónustu sem Stórutjarnir fá frá Akureyrarsvæðinu en einnig eru dæmi um óánægju með þjónustu frá Húsavík.

Að síðustu er því velt upp sem valkosti að nemendur sæki skóla inn á Húsavík því að vegalengd milli Hafralækjarskóla og Húsavíkur sé það stutt að akstur skólabarna þangað komi til greina.

Félagslíf og samheldni nemenda

Félagslíf nemenda og samheldni í nemendahópnum er eitt af því sem fram kemur sem styrkleiki bæði hjá nemendum allra skóla og hjá fullorðnum á öllum skólasvæðunum. Hjá nemendum kemur þetta fram í færslum sem benda á að einn kostur við litla skóla sé það „að þekkja alla“ og að allir „standi saman“. Þetta kemur fram bæði í tengslum við hversdagslegan skólalag og einnig í færslum um félagslífið. Hjá fullorðnum kemur samstaða nemenda fram sem einn af kostum eða styrkleikum skólasamfélagsins. Á meðan talað er um samheldnina sem fámennið gefur, kemur fram að það takmarkar mjög félagsstarf nemenda. Hópar eru of litlir til að gera þetta eða hitt, það verður að velja milli þess sem gert er og eftirsjá er að því sem ekki er valið. Bæði nemendur og fullorðnir horfa á það sem kost við stærri einingar að úr rætist í þessum þrengslum sem fámennið skapar. En á sama tíma er horft til þess að stærri hópar geti haft í för með sér félagsleg vandamál, til dæmis einelti.

Færslur sem fram koma hjá nemendum þegar fjallað var um umræðuefni sem lutu að því að vera í stærri skóla sýna að þreyta á kunningjahópnum er til staðar, jafnframt löngunin til að kynnast fjölbreyttari félagahóp og einnig koma fram skýr dæmi um einelti. Í færslum hjá fullorðnum kemur fram samstaða nemenda og það að vera laus við einelti, bæði í beinum færslum en einnig kemur þessi ímynd fram þegar vikið er að hættunni á að þetta glatist við að stækka skólaeiningar. Í gögnum nemenda koma fram svör sem benda til þess að einelti sé til staðar þrátt fyrir að ítrekaðar færslur staðhæfi að svo sé ekki. Nemendur sem sjá það sem veikleika á núverandi ástandi að geta ekki leitað til „annarra krakka“ sem vana, og um leið sem sjá það sem kost við stærri skóla að geta myndað venskap við „einhverja í stærri hóp“. Svör nemenda sem skynja hópinn sem „samheldinn“ eða sem „eina heild“, og að „allir eru vinir“, benda einnig til eineltis eins og í færslum sem snúa því að einhver sér útundan eða illa liðinn meðal hóps annarra nemenda. Aðrar færslur koma einnig fram sem sýna áhyggjur af því að einangrast ef „vinurinn“ fer.

Faglegt starf

Eitt þema sem fram kemur í tengslum við faglegt starf skóla er að faglegt starf sé gott í skólunum í dag. Færslur sem leggja áherslu á þetta fela oft í sér sterkt orðalag og er að finna á miðum þar sem jafnframt er áhersla á að núverandi fyrirkomulagi verði áfram eða að skólastarf verði áfram á tilteknum stað. Á móti kemur að þegar fjallað er um hugmyndir sem fela í sér stærri skólaeiningar hjá fullorðnum eða þegar nemendur ræða um hvernig er að vera í stærri skóla, þá koma margar færslur sem lúta að því að faglegt skólastarf batni í stærri skólaeiningum. Vikið er að möguleikum kennara til að sérhæfa sig eða að hafa fagmenntaða kennara á fleiri sviðum. Hjá nemendum kemur fram að veikleikar eru í núverandi starfsliði og sjá þeir fyrir sér að það breytist. Í færslum há fullorðnum má einnit sjá trú á að kennarar komi til með að geta þróað sig faglega í ríkari mæli ef skólaeiningar veðri sterkari.

Eitt þema sem fram kemur í umræðum um hugsanlegar breytingar er fyrirsjáanleg fækkun á starfsfólki. Ein hlið á því eru færslur þess efnis að þegar starfsfólki verður fækkað sé horft á alla skólana samtímis. Þetta sjónarmið virðist eiga sér tvennskonar rætur. Annars vegar byggðaleg sjónarmið, að fækkun íbúa vegna uppsagna í skólum verði sem jöfnust á ólík svæði innan sveitarfélagsins. Hitt sjónarmiðið leggur áherslu á að horft sé á faglegan styrk í öllum skólunum samtímis þegar fækkun verður á starfsliði. Þetta sjónarmið tengjst því að telja stærri skólaeiningu æskilega.

Tengsl leikskóla og grunnskóla

Lítið er horft til leikskólastigs í almennum færslum. Þegar kemur að færslum sem tengjast umræðuefni um breytt fyrirkomulag í skólamálum koma áhyggjur af leikskólastiginu hins vegar fram. Gagnrýnt var á íbúafundum að leikskólastigið var ekki tiltekið í umræðuefnum eða að það væri ekki skilgreint sérstaklega þegar „skóli“ kom fram í umræðuefnum þá væri leikskólastigið líka meðtalið. Sú gagnrýni á vissulega rétt á sér að einhverju leyti. Starfshópurinn tók því sem gefnu að umræðuefni sneru að skólunum eins og þeir eru í dag, og þar er leikskólastigið hluti af hverri heild fyrir sig. Í gögnunum kom leikskólastigið og afdrif þess eða fyrirkomulag ítrekað fram þó það væri ekki kynnt sérstaklega. Skýrt koma fram að þó svo grunnskólastig hverfi af einhverjum af núverandi skólastöðum líta íbúar svo á að leikskóli starfi áfram nærri íbúum. Þessi sýn var ekki eingöngu afmörkuð við

leikskólastigið því bæði komu fram færslur er lutu að því að leikskólastig og yngsta stig grunnskólans héldi sér sem þjónusta nærri íbúum. Einnig kom fram í færslum orðalag sem vísaði til „yngstu nemenda“ án þess að afmarka aldur nákvæmlega. Það sjónarmið virðist því nokkuð almennt að yngri nemendur verði áfram nærri sínu heimili þó svo að breytingar verði á skipulagi skólamála. Hins vegar virðist breytilegt hvaða aldurshópar það eru sem teljast til yngri nemenda í þessu samhengi.

Annað þema sem tengist leikskólanum er samfella eða samhengi í skólastarfi milli grunn- og leikskóla. Algengt er að færslur líti á það sem ókost að „samfella í starfi leik- og grunnskóla“ glatist við breytingar. Það fyrirkomulag að starf leikskóla tengist starfi grunnskólans virðist nokkuð rótgróin hugmynd meðal íbúanna og rof þar á milli eru oft séð sem ein ógnin sem stafar af hugsanlegum breytingum.

Stjórn skóla

Sterkar andstæður koma fram þegar vikið er að yfirstjórn skóla. Sjónarmið þess efnis að halda skuli í núverandi stjórnendur koma fram og einnig að fá skuli nýja stjórnendur að skólunum verði einhverjar breytingar gerðar á skipulagi. Í báðum tilvikum virðast sjónarmiðin mjög sterk. Notað er orðalag eins og „nauðsyn“ eða „gangi ekki“. Færslur sem leggja áherslu á mikilvægi þess að núverandi stjórnendur haldi áfram eru sterk. Þessi sjónarmið tengjast jákvæðum áherslum um skólastarfið, að starfólk sé gott, að skólinn sé og eigi að vera kjarni í nærsamfélaginu. Færslur með þessum sjónarmiðum koma fram þegar fjallað er um hvernig skólastarf er í dag og einnig í tengslum við umræðuefni er lúta að breytingum. Þau leggja ríka áherslu á að þeirri heild sem nú er í skólunum sé viðhaldið. Andstæð sjónarmið, einnig mjög afgerandi, leggja áherslu á mikilvægi þess að skipta um stjórnendur. Endurtekin áhersla er á það í færslum að skipta skuli um, að „yfirstjórn gangi ekki með óbreyttu sniði“ eða að „yfirstjórn verði líka sameinuð til að einfalda“. Þetta sjónarmið kemur alloft fram, undir mörgum umræðuefnum og í ólíku samhengi. Meðal annars tengist það því sjónarmiði að stöðnun ríki í skólunum, að farsælast verði að láta nýja stjórnendur stýra samruna skóla ef af verður. Talið er að meiri samvinna milli skólanna verði liður í að steypa samfélagið í eina heild. Enn eitt sjónarhornið er að nauðsynlegt sé að líta á starfsfólk allra skólanna sem einn hóp ef eða þegar að því kemur að fækka þurfi fólki.

Það er einnig fjallað um yfirstjórn í skólastofnun sem næði yfir alla skóla í sveitarfélaginu. Þegar vikið er að yfirstjórn í skólastofnun af þessari stærð koma fram

tvenns konar hugmyndir. Að yfirstjórn verði fjarlæg og ópersónuleg eða að yfirstjórn nái heildaryfirsýn og stilli af sameiginlega þætti á meðan undirstjórnandi á hverjum stað sé í nánnum tengslum við nemendur og kennara. Virðast þessir pólar liggja samsíða þeim viðhorfum sem lúta að því að vilja halda í núverandi stjórnendur eða breyta um stjórnendur. Þar sem færslur lúta að því að nauðsynlegt sé að breyta fyrirkomulagi skólamála þannig að stærri einingar myndist, er talið að nauðsyn sé á að skipta um stjórnendur. Í færslum þar sem talið er æskilegra að halda í minni einingar er talið mikilvægt að halda í núverandi stjórnendur.

Allnokkur togstreita kemur því fram um stjórnendur skólanna. Bæði hvað varðar núverandi fyrirkomulag og einnig hvernig leggja skuli línur í framtíðinni. Virðist sem núverandi stjórnendur og mat á þeim sé samtvinnað því hvernig framtíðarskipulag þykir æskilegt. Mikilvægt er að blanda ekki saman mati á núverandi stjórnendum og ákvörðun um hvernig fyrirkomulag í stjórn skóla verður í framtíðinni.

Skólamenning og innra starf skóla

Ein algengasta tegund færslna með neikvæðu formerki lutu að því að skólamenning eða sérstaða skólans tapaðist. Þetta virtist í sumum tilvikum sem fastur punktur í samfélaginu eða lífi nemenda. Þessi sjónarmið birtast í nokkrum blæbrigðum, að óbreytt ástand sé æskilegt en í reynd draumsýn, að æskilegt sé að viðhalda núverandi fyrirkomulagi svo lengi sem unnt er og að núverandi skólamenning hafi menningar- og samfélagslegt gildi í sjálfu sér.

Síðastnefnda viðhorfið, að núverandi skólamenning hafi menningar- og samfélagslegt gildi í sjálfu sér, birtist oftast með tilvísun í ánægju með núverandi ástand eða menningar- og lífsgildi. Algengustu færslurnar lúta að ánægju með núverandi ástand og vísa í þrönga styrkleikapætti, til dæmis tónlist, íþróttir eða samstöða nemenda. Sjaldgæfara er að vísað sé til almennra víðra þátta eins og faglega þætti tengda skóla og kennslu. Þetta eru eins og eðlilegt er almennt sömu sjónarmið og komu fram í lýsingum á styrk skólanna.

Færslur er lúta að skólamenningu sem menningar- og lífsgildum vísa til búsetu í sveit eða dreifbýli sem valkost eða að því að skólarnir hafi gildi í sjálfu sér. Í fyrra tilvikinu eru litlir skólar hluti af stærra samhengi eða umhverfi sem einstaklingur velur að búa í. Talað er um að það að velja að búa í sveit feli í sér að búa við litla skóla. Á miðum með slíkum færslum er fámennið ekki séð sem veikleiki. Sterkust

sjónarmiða af þessum toga birst í færslum þar sem vísað er til þess að skólarnir verði „til staðar“ þannig að þeir þjóni „komandi kynslóðum“.

Færslur þar sem horft er framhjá skólamenningu lúta annars vegar að því að skólasamfélagið þróist til betri vegar eða að í sameiginlegri stofnun mótist skólamenning sem byggir á styrkleikum í skólasamfélögunum sem fyrir eru. Í þessum dúr eru bæði færslur þar sem undirtóninn er óvissa (kannski, gæti orðið) eða sterkara orðalag sem sýnir framtíðarsýn. Efnisþættir sem tilteknir eru í þessum færslum eru bæði þættir sem koma fram sem styrkleikar skólanna (tónlist, íþróttir útíkennsla) annar flokkur þeirra vísar í faglega vinnu skólanna og kennara, að síðustu eru færslur þar sem áherslan er á heildstætt skólasamfélag sem spanni allt sveitarfélagið.

Viðhorf og skoðanir íbúa um skólamál sem birtast í gögnum þessarar úttektar sýna gífurlegan breytileika í hugmyndum þeirra. Að því marki sem hugmyndir íbúanna um samfélagið sem þeir vilja búa í og þróa koma fram, eru einnig vissar andstæður. Eina almenna niðurstaðan sem virðist mega draga er að almennt séð vilja íbúar að skólalald verði á þeim skólastað sem er nærri þeirra heimili. Allflestir ef ekki allir gera sér jafnframt grein fyrir að einhverju verður að breyta vegna þess að íbúaþróun með sífelldri fólksfækkun hefur grafið undan getu samfélagsins til að standa undir því fyrirkomulagi í rekstri skóla.

Hluti 2: Viðbrögð við breytingahugmyndum

Á íbúafundunum voru notuð sjö umræðuefni sem lutu að hugmyndum um fyrirkomulag í skólamálu. Alla tíð lá ljóst fyrir að aldrei yrði unnt að leggja á borð allar mögulegar útfærslur til umræðu. Til að ná með skipulögðum hætti utan um sjónarmið íbúa var tekin sú stefna að velja til umræðu úrtak hugmynda eða leiða sem með einhverjum hætti væru fulltrúar eða dæmi um leiðir breiðari hóps hugmynda. Að endingu voru sjö umræðuefni notuð. Litið var á þau sem fulltrúa þriggja flokka; hugmyndir sem verið hafa uppi á borði í umræðum, hugmyndir sem eru nýjar eða hafa verið minna rædd og að síðustu hugmyndir sem fela í sér að einn skólanna verði lagður niður.

Rétt eins og bent hefur verið á áður eru hugmyndir íbúa mjög breytilegar. Sterk viðbrögð sem leggja áherslu á róttækar breytingar eru áberandi til jafns við sterk viðbrögð sem leggja áherslu sem minnstar breytingar. Í sumum tilvikum er lögð rík áhersla á hagsmuni ákveðinna svæða innan sveitarfélagsins og í öðrum er áhersla á hagsmuni sveitarfélagsins sem heild. Í vissum skilningi og sumum tilvikum eru sjónarmið, sem virðast andstæð, samrýmanleg í þeim skilningi að sveitarfélagið dafnar best ef allir hlutar þess njóta sín. Einnig má greina sterka togstreitu innan sveitarfélagsins milli hagsmuna sem tengjast ólíkum svæðum og ólíku byggðaformi. Annars vegar hagsmunir sem styrkja þéttbýlið að Laugum og hins vegar hagsmunir sem lúta að sterkri byggð í sveitunum.

Íbúar nálgast hugmyndir oft á fyrirfram gefnum forsendum. Til dæmis kemur engin eða einungis ein hugmynd upp sem tengist skólastarfi (hvorki jákvæð eða neikvæð) á sumum borðum, þegar rætt var um kosti og galla á útfærslu sem fól í sér að leggja „okkar skóla“ niður (sjá töflu 2). Þess í stað var lögð áhersla á sömu þætti og koma fram sem styrkleikar skólans eða skólaímyndinni í fyrri umrædulotunni. Horfa má á þetta sem varnarbaráttu, meðvitaða eða ómeðvitaða, þar sem einblínt er á styrkleika og kosti við ákveðið fyrirkomulag en ekki á kosti við annars konar fyrirkomulag.

Hér verðir farið yfir þessa þrjá megin flokka hugmynda og reynt að lýsa þeim viðhorfum og skoðunum sem liggja að baki færslum sem fram koma þegar um þær er rætt.

Hugmyndin um óbreytt fyrirkomulag

Þegar rætt er um að halda áfram skólastarfi með sama sniði og nú er, koma fram mjög svipuð sjónarmið frá öllum stöðum. Andstæðir pólar birtast í færslum sem virðast leggja áherslu á styrka stöðu skólamála til sveitanna annars vegar og á uppbyggingu þéttbýliskjarnans hins vegar.

Í jákvæðum færslum sem fram koma þegar rætt er um að halda áfram skólastarfi með sama sniði og nú er, liggja áherslur á sátt íbúa og að þá þætti sem ánægja er með í skólastarfinu. Þegar litið er á skólastarfið eru það ákveðnir eiginleikar sem fylgja fámenninu sem æsilegt þykir að varðveita, það að fáir nemendur eru á hvern kennara og að nemendur standa þétt saman. Áhersla er lögð á að bæði nemendum og kennurum líði vel í skólunum eins og þeir eru núna. Vísað er til skólaámyndar og sterks skólasamfélags, skólastarf er talið gott og engin ástæða til að breyta því. Þegar litið er á samfélagið allt er talað um að „ró“ og „sátt“ muni ríkja áfram í samfélaginu ef núverandi fyrirkomulagi sé viðhaldið, þá verði ekki gert á hlut neins. Skólinn þjónar samfélaginu og er því mikilvægur, því verði að viðhalda skólastarfi á öllum stöðum. Dregin er fram von um að sveitarfélagið styrkist samhliða framkvæmdum á næstu árum og að æskilegt sé að bíða og sjá hvort breytinga verður þörf síðar. Þetta viðhorf virðist hallast að því að unnt verði að verja þjónustu nærri sveitinni til lengri tíma ef af uppbyggingu verður. Þetta viðhorf kemur einnig fram í færslum er tengjast atvinnustigi, óttinn við að um leið og eitthvað breytist fækki starfsfólki og það leiði til keðjuverkandi áhrifa sem veikja samfélagið. Hér sjást skýrar áherslur á kosti þess að viðhalda núverandi fyrirkomulagi fyrir ákveðna hluta samfélagsins. Vissulega koma fram færslur á sömu miðum sem lýsa áhyggjum af því, hvort þetta sé fjárhagslega mögulegt, en sú mynd sem hér er dregin upp virðist lýsa hagsmunum ákveðins hóps íbúa.

Athyglisvert er að neikvæðar færslur koma einnig inn á þessi tvö megin þemu sem liggja að baki ofangreindra viðhorfa. Þar er lögð áhersla á kostnað, glötuð tækifæri til að þróa skólastarfið áfram og að fámennið sé félagslega heftandi. Í neikvæðum færslum um óbreytt ástand kemur faglegt skólastarf fram sem áberandi þema. Færslur leggja áherslu á að rífa þurfi upp staðnað skólastarf og horft er á stærri einingar sem möguleika til að styrkja skólastarfið faglega. Hér er litið á fámennið sem veikleika, ekki sem kost eins og að ofan, veikleika er hamlar faglegu kennslustarfi. Horft er á breytingar sem möguleika eða tækifæri til að þróa skólana áfram. Stærri kennsluhópar gera meiri samskipti kennara milli skólanna möguleg og einnig er sameiginleg stjórn talin opna leiðir til þróunar. Talað er um „stöðnun“ og „glötuð tækifæri“ ef óbreytt skipulag skólamála verði til frambúðar. Fámennið er líka dregið upp sem ókostur út frá sjónarhóli nemenda þegar óbreytt ástand er til skoðunar. Bent

er á að „félagsþörf“ elstu nemenda verði ekki hægt að uppfylla í svo litlum hópum og einnig að í dag séu vinalausir nemendur í hópunum. Hér koma inn færslur þess efnis að þrátt fyrir almenna samstöðu í hópunum, eru til staðar nemendur sem eru útundan og færslur benda á atriði sem teljast vera einkenni eineltis samkvæmt almennt viðurkenndum skilgreiningum.

Andstæð sjónarmið og togstreita einkenna þau sjónarmið sem lýst hefur verið þegar titið er á viðbrögð við hugmyndinni um að skólastarf verði áfram óbreytt. Rökin fyrir óbreyttu ástandi sem hér koma fram, liggja annars vegar í því að fámennið sé styrkur ákveðinnar samfélagsgerðar og hins vegar í því að ekki sé æskilegt að breyta skipulagi skólamála því aldrei verði sátt um slíkt. Á móti liggja rök gegn óbreyttu ástandi í faglegum ávinningi fyrir skólastarfið og félagslegum hagsmunum nemenda.

Hugmyndin um einn skóla

Almennt séð eru helsti ókostir sem íbúar Þingeyjarsveitar sjá við hugmyndina um einn sameiginlegan skóla; fjarlægðir, kostnaður, einangrun leikskólastigsins og að slíkt hafi í för með sér búseturöskun. Margir leggja áherslu á að slíkur skóli verði einangruð stofnun og að hann verði aldrei í lifandi tengslum við samfélagið. Þessi efnislegu rök koma mun frekar af Stórutjarnarsvæðinu en frá hinum tveimur skólunum. Þaðan felast rök gegn hugmyndinni helst í kostnaði og að tengsl við leikskólann rofni. Hugmyndin um einn nýjan skóla er talin útrædd af mörgum í framhaldi af nýlegum kosningum og talsvert er um upphrópanir án efnislegra færslna. Aftur endurspeglast togstreita milli viðhorfa sem verja skólahald innan seilingar frá dreifbýlinu og hinna sem hvetja til uppbyggingar sterks kjarna í sveitarfélaginu.

Þrátt fyrir neikvæðni og allt að því ótta við slíka útfærslu koma fram færslur sem telja að þetta sé sú útfærsla sem koma muni fyrr eða seinna. Þessar raddir horfa til þess að sveitafélagið geti aldrei varið núverandi fyrirkomulag til lengri tíma, því sé betra að stýra ferlinu í átt að slíku fyrirkomulagi. Að „neyðin reki okkur til þess fyrr eða síðar - er ekki best að stýra því sjálfur“ eins og þetta sjónarmið er orðað í einni af færslunum.

Talsvert er um færslur sem telja þessa leið styrkja faglega skólastarf í sveitarfélaginu, stærrí kennsluhópar og þéttari samstaða kennara geri skólann sem heild sterkari. Jákvæðari færslurnar er lúta að skólastarfi sýna trú á að breytingar sameini kosti allra skólanna. Talið er að meira verði um samstarf og að vinna í skólunum verði samræmd í mun ríkari mæli en nú er. Betri nýting verði á sérhæfingu kennara og að

kennarar geti þróað sjálfa sig faglega í stærri skólaeiningu. Grunntónn að baki þessum skoðunum virðist vera að bæði nemendur og kennarar njóti sín betur eftir slíka breytingu. Unnt sé að skapa enn sterkari heild úr núverandi skólum og þá njóti allir nemendur betri kennslu. Almennt séð eru þetta sömu rök og dregin voru upp fyrir því að óbreytt skólahald væri slæmur kostur.

Athyglivert er að „meira samræmi“ í kennslu eða skólastarfi kemur bæði fram sem kostur í þeim skilningi að faglegt starfs skólanna styrkist og einnig sem ókostur í þeim skilningi að sérstaða, séráhersla eða skólamenning hverfi.

Þegar umræðuefnin lúta að sameiningu skólanna í eina einingu koma upp vangaveltur um tengsl við önnur skólastig. Tengsl grunn- og leikskóla eru áhyggjuefni. Hvort þjónusta fyrir leikskólann verði áfram nærri íbúum og einnig hvort leikskóladeildirnar rofni frá skólasamfélaginu ef skólarnir renna í eina stóra einingu. Flestar færslur er lúta að leikskóla eru opnar, lýsa einna helst óvissu, en nokkrar færslur setja fram skýr sjónarmið þess efnis að „yngstu nemendur“ verði áfram á þeim stöðum sem kennt er nú. Í sumum tilvikum virðist átt við leikskólastigið en í öðrum leikskóla og yngsta stig grunnskólans. Færslur af þessu tagi afmarkast ekki við eitt skólasvæði umfram annað.

Færslur er tengja framhaldsskóla við grunnskólann í jákvæðum skilningi eru hins vegar algengri frá Litlulaugum og Hafralæk en frá Stórutjörnum. Þessar jákvæðari færslur lúta að möguleika á að auka samfellu í skólastarfi milli grunn- og framhaldsskóla. Áherslan virðist á að bæði grunn- og framhaldsskóli styrkist við það. Einnig er að finna færslur sem sjá það sem kost að breytingar á grunnskólanum styrki framhaldsskólastigið. Nokkur dæmi er um að slíkar færslur séu á sömu miðum og færslur er leggja áherslu á það að þéttbýlið að Laugum styrkist. Það sé „jákvætt fyrir allt samfélagið“. Jákvæðari sjónarmið komu einkum frá Litlulaugum og Hafralæk. Skýrasta viðhorfið sem fram kom í færslum frá Stórutjörnum er lutu að tengslum grunn- og framhaldsskóla var að aukin tengsl við framhaldsskóla hefðu lítil áhrif á grunnskólastigið. Sterk viðhorf um tengingu milli skólastiga komu einnig fram á Stórutjörnum, en á þann veg að slík tengsl væru ógn og væru líkleg til að auka togstreitu í samfélaginu.

Færslur sem lúta að húsnæði stilla losun þess upp sem tækifæri fyrir atvinnuþróun. Að Hafralæk sé „gott húsnæði fyrir atvinnurekstur“, bent er á að það mætti nýta fyrir „heilsuferðaþjónustu“ eða selja til ótiltekinna nota. Einnig má skilja sumar færslur þannig að húsnæðið að Stórutjörnum megi nýta til atvinnustarfsemi ef kennsla leggst af þar. Þessar færslur eiga alla jafna uppruna sinn í „öðrum skólum“. Íbúar sjá möguleika fyrir „hin svæðin“ til að nýta skólahúsnæði til atvinnustarfsemi en horfa fremur á skólahúsnæði á „sínu svæði“ sem ákjósanlegt til áframhaldandi

skólastarfs. Þessar færslur sýna því enn eina birtingarmynd togstreitu innan samfélagsins.

Hugmyndin um að leggja niður einn skóla

Þrjú umræðuefnanna lutu að hugmyndum þar sem gert var ráð fyrir að einn skólanna yrði lagður niður en hinir tveir reknir áfram með svipuðu sniði og nú er. Við úrvinnslu var þessum umræðuefnum endurraðað þannig að umræðuefnin þar sem „okkar skóla“ væri lokað voru tekin saman og umræðuefnin þar sem lokað yrði skóla „annars staðar“ voru flokkuð sér.

Kostir sem koma fram þegar rætt er um að leggja niður einn skólann lúta að sparnaði, ávinningi að stærri kennsluhópum og betra félagslífi nemenda. Faglegur ávinningur er talinn felast í að kennarar geti sérhæft sig faglega og að starfsfólk nýtist almennt betur fyrir samfélagið. Andstæð sjónarmið koma fram um yfirstjórn, í sumum færslum er lögð rík áhersla á að núverandi stjórnendur haldi áfram en í öðrum er talin nauðsyn að skipt verði um yfirstjórn. Þegar kemur að nemendum birtist stærri félagahópur sem kostur, en í sumum færslum er hann talinn ókostur. Af öðrum sértækum færslum sem upp koma eru nýting á húsnæði og hugsanleg atvinnutækifæri með því að nýta skólahúsnæði til ferðaþjónustu. Þessi sjónarmið eru breytileg eftir aðstæðum, stundum er áhersla á að nýta besta húsnæðið til skólahalds en annars staðar á að nýta gott húsnæði til atvinnuuppbyggingar. Allmargar færslur lúta að kostum eða ávinningi fyrir ákveðin svæði sem felast í að skólastarf innan þess haldi áfram. Með sama hætti einkennast neikvæðar færslur að svæðisbundnum áhrifum. Leikskólamál, íbúapróun, atvinnumissir, húsnæðismál og vegalengdir í skólaakstri eru helstu áhyggjuefnin sem upp koma.

Hér kemur hin sterka ímynd skólanna einnig skýrt fram. Horft er til þess að skólamenning og sérkenni núverandi skóla glatist. Þessi skoðun virðist ekki einskorðast við það að „skólinn okkar“ og hans skólamenning hverfi, heldur að ákveðin breidd og fjölbreytileiki í skólastarfi líði undir lok. Andstæðan við þetta sjónarmið er það, að þær einingar sem eftir verða mynda nýja heild. Þessi andstæða kemur óbeint fram í færslum sem lúta að breyttu skólastarfi, meiri fjölbreytni á ýmsum sviðum og sterkara félagslífi.

Viðbrögð við umræðuefni þar sem „okkar skóli“ var lagður niður voru almennt séð mun neikvæðari en þegar horft var til þess að hætt yrði að kenna „annars staðar“. Tafla 2 hér að neðan sýnir hlutföll jákvæðra og neikvæðra færslna eftir tegund umræðuefnis og skólum. Þegar taflan er skoðuð blasir við að hlutföll neikvæðra færslna eru almennt hærri en hlutföll jákvæðra færslna. Einnig eru jákvæðar færslur algengari að Laugum. Áður en vikið verður að þessum atriðum sérstaklega verður vikið að sjónarmiðum frá hverjum skóla fyrir sig.

Litlulaugaskóli

Skýrustu sjónarmiðin sem fram koma að Laugum þegar rætt er um þetta efni voru rof milli skólastiga og röskun á byggðinni. Í færslum þátttakenda er greinilegt að samstarf eða samfella milli grunn- og framhaldsskólasígsins leggist af, sé stór liður í því að skaða lífsgæði á svæðinu. Aðeins er komið inn á tengsl leik- og grunn skólastígsins á sömu nótum. Undirliggjandi virðist vera ímynd af Laugum sem sterku allhliða menntasamfélagi og sem íbúar meta mikils. Horft er á breytingu þar sem eitt skólastigið er tekið út sem mikla blóðtöku fyrir svæðið. Meðal hugsanlegra afleiðinga sem færslur koma inn á eru ósætti íbúa, atvinnuleysi og fólksflótti. Talið er að litlar lýkur séu á að koma húsnæðinu í notkun með öðrum hætti og að minni not verði af afbragðsgóðri íþrótt- og sundaðstöðu á svæðinu.

Hafralækjarskóli

Þegar umræðuefnið þar sem gert er ráð fyrir að „okkar skóla“ verði lokað var til umfjöllunar í Hafralækjarskóla komu fram ókostir í færslum sem lutu að því að breytingin væri slæm fyrir samfélagið; óhagræði, lengri vegalengdir og áhyggjur af því að einhverjir komi til með að flytjast burt úr sveitafélaginu. Einnig komu færslur er lutu að því að stærri nemendahópar væru ókostur. Endurspeglar slíkar færslur væntanlega viðhorf þeirra líta á það að búa í sveit sem eftirsóttan valkost um búsetu og minni kennsluhópa sem eina hlið þess að búa í sveit. Jákvæðari færslur lutu að stærri kennsluhópum og faglegum ávinningi við kennslu.

Stórutjarnaskóli

Þegar umræðuefni þess efnis að kennslu verði hætt í „okkar skóla“ var til umfjöllunar í Stórutjarnaskóla voru neikvæðar færslur mjög áberandi eins og fram kom að ofan. Byggðaröskun var það þema sem skýrast kom fram í færslum undir þessu umræðuefni, þegar horft er framhjá almennum sértækum færslum eins og

þeim er lúta að vegalengdum í skólaakstri og húsnæði skóla. Færslur um byggðaröskun lúta bæði að ótta við, að um leið og dragi úr skólastarfi „vestan heiðar“ fækki íbúum og að slík breyting útiloki að fólki fjölgi í þessum hluta sveitarfélagsins þegar eða ef Vaðlaheiðargöng verða gerð. Þetta þema, ótti við byggðaröskun, kemur mun sterkar fram á Stórutjörnum en til dæmis á Hafralæk. Birtist þessi sýn í nokkrum myndum. Ein birtingarmyndin er að stöðnun verði í vestari hluta Þingeyjarsveitar ef dragi úr skólastarfi að Stórutjörnum. Þá er lögð á það áhersla að íbúaþróun staðni og að staðsetning skóla sé landfræðilega óhagkvæm, t.d. er sagt að „Laugar eru í útjaðri sveitarfélagsins“. Viðhorf sem endurspeglar ótta við að ákveðin svæði í sveitarfélaginu visni, koma einnig fram í færslum þar sem talið er að börn sæki skóla „frekar yfir til Eyjarfjarðar en til Lauga“ ef skólastarfi verði hætt að Stórutjörnum. Í þessu viðhorfi birtist meðal annars „byggðaleg sjálfsímynd“ íbúa sem er gjörólík þeirri sem birtist að Laugum í þeim skilningi að horft er út fyrir sveitafélagið eftir byggðar- og þjónustulegri þungamiðju. Annað viðhorf leggur áherslu á að tækifæri til uppbyggingar í framtíðinni glatist. Hér er að baki sú sýn að með Vaðlaheiðargöngum opnast möguleikar á að svæðið dragi að sér íbúa sem sæki vinnu inn á atvinnusvæði Akureyrar. Í sterkustu mynd sinni birtast þessi neikvæðu viðhorf í færslum sem telja að verulega dragi úr byggð á svæðinu.

Samantekt

Ólík sjónarmið innan sveitarfélagsins kristallast skýrt í kaflanum hér að ofan. Fram kemur skýr togstreita sem birtist með ólíkum hætti þegar fjallað er um ólík efni. Þegar horft er á gögnin í víðu samhengi virðist mega álykta að almennt pólist þessi togstreita í lífsviðhorfum sem tengjast þéttbýlinu að Laugum annars vegar og hins vegar dreifbýlinu til sveita. Aðrir þættir eins og atvinnuhagsmunir tengdir fækkun starfsfólks í skólunum, nálægð við Akureyri og jafnvel tengsl við skólana sjálfa spila einnig inn í.

Segja má að sambærileg sýn komi fram á Stórutjörnum og að Laugum að því leyti að horft er á það sem einskonar dauðadóm yfir byggðinni að grunnskóastig flytjist burt af svæðinu. Sambærileg viðhorf koma ekki með eins skýrum hætti fram að Hafralæk þó viðhorf sem tengist togstreitu milli sveita og þéttbýlis komi þar fram.

Ákveðin atriði bentu til þess að ójafnvægi væri í gögnum að því leyti að jákvæðar og neikvæðar færslur væru sérstaklega algengar eða óalgengar eftir skólum og umræðuefnum. Tafla 2 sýnir greiningu á hlutföllum jákvæðra og neikvæðra umræðuefna eftir skólum. Almennt er fleiri neikvæðar færslur, eða færslur undir ókosti, en jákvæðar færslur. Tvær hlutfallstölur skera sig úr í töflu 2. Annað þeirra lýtur að umfjöllun um umræðuefni sem gera ráð fyrir að skólastarf haldi áfram á

öllum stöðum en með breyttri skipulagi yfirstjórnar og hitt er umræðuefni sem lýtur að því að hætt verði að kenna í ákveðnum skóla, að Stórutjörnum.

Tafla 2. Hlutföll jákvæðra og neikvæðra færsla eftir skólum og tegund umræðuefna um skipulag skólamála.

		Gamlar hugmyndir	Nýjar hugmyndir	Breyting há öðrum	Breyting há okkur	Samtals
Laugar	Jákvætt	58	72	53	38	56
	Neikvætt	42	28	47	62	44
Stórutjarnir	Jákvætt	39	30	47	3	36
	Neikvætt	61	70	53	97	64
Hafralækur	Jákvætt	43	32	37	32	38
	Neikvætt	57	68	63	68	63

Hitt hlutfallið sem sker sig úr er það að 97% færslna sem koma frá Stórutjarnarskóla eru færðar sem ókostur. Þetta er áberandi hærra hlutfall en gerist í hinum skólunum þegar fjallað er um leið þar sem heimaskólanum þar yrði lokað. Að Litlulaugum og Hafralæk koma færslur þess efnis að stærri kennsluhópar eða breytingar í stjórnun eða kennslu í þeim skólum sem reknir yrði áfram væru kostir við leiðina. Að Stórutjörnum lýtur eina færslan sem sett er undir kosti að því, að fleiri nemendur verði í bekk, stærri kennsluhópar. Þegar umræðuefni sem laut að því að loka Litlulaugaskóla var rætt að Laugum komu bæði fleiri og fjölbreyttari færslur undir kosti; að leiðin nýtti betra skólahúsnæði, að dragi úr kostnaði, skapist stærri kennslueiningar, það skapi nemendum breiðari vinnuhóp og fjölbreyttara félagslíf. Þegar umræðuefni sem laut að því að loka Hafralækjarskóla var rætt á Hafralæk lutu jákvæðar færslur að nýtingu hentugustu íþróttastöðu, stærri kennsluhópum og það að Stórutjarnarskóli væri, samkvæmt hugmyndinni, áfram starfandi. Á öllum stöðum komu fram fjölbreytilegar neikvæðar færslur.

Sameiginleg yfirstjórn

Tvö umræðuefna lutu að útfærslum sem gerðu ráð fyrir áframhaldandi starfsstöðvum á öllum stöðum en að yfirstjórn verði sameinuð. Líta má á þetta sem mildar breytingar því þær gera ráð fyrir að skólastarf haldi áfram á öllum stöðum en að ýmsum þáttum í innra starfi verði breytt.

Svipuð viðhorf koma fram þegar fjallað er um sameiningu í eina einingu með mörgum starfsstöðvum og einkenna umræðu sem fjallað hefur verið um nú þegar. Horft er á það sem kost að skólastarfið myndi samstæða heild, að verði sterk stefnumótandi yfirstjórn, tækifæri opnist til faglegrar þróunar í skólastarfi, nemendur njóti þess félagslega að verða hluti af stærri heild og einnig námslega í gegnum aukna fjölbreytni og sterkari kennslu. Á hinn bóginn er dregin upp mynd af sundurleitum starfsstöðvum, einangraðri og fjarlægri yfirstjórn, skólamenning og sérstaða núverandi skóla tapist, faglegt starf verði ómarkvisst og að tengsl við samfélag og íbúa glatist. Þegar tengsl við framhaldskólann eru dregin inn koma andstæður sem tengjast sjálfstæði grunnskóla gagnvart framhaldsskólastigi á móti kostum þess að styrkja grunnskóla með tengslum við framhaldsskólann. Hér pólást andstæðurnar í sjónarmiðum þess efnis að enginn hagur sé að slíku fyrir grunnskólann og hins vegar að samvinna skapi sterkari heild. Búseta og byggðarmál eru enn einn póllinn í þessari togstreitu þar sem þéttbýliskjarninn að Laugum er þungamiðja sveitarfélagsins í augum sumra en þjónustusvæði Akureyrar stendur öðrum nær. Þegar kemur að kostnaði koma upp andstæðir pólar sem telja engan eða óverulegan sparnað að dreifðri skólaeiningu og hins vegar að bæði megi spara og fá betri skóla með fyrirkomulaginu. Þessar sterku andstæður tengjast enn og aftur framtíðarsýn íbúa í tengslum við ólíkt byggðamynstur.

Eitt einkennir færslur um þessi umræðuefni umfram önnur. Færslur tengdar kostnaði og yfirstjórn verða markvissari en ella. Þetta eru færslur sem lúta að því hvernig sparnaður næst í skólastarfi. Einnig hvernig yfirstjórn verður ómarkviss eða skýr og beinskeitt. Algengast er að færslur slái því fram að eitthvað sé kostnaðarsamt eða að sparnaður náist með einhverri leið. Einnig eru færslur um yfirstjórn skýrari en ella, þó er það ekki eins afgerandi og með umræðu um kostnað. Þegar fjallað er um þessa leið verða færslur um kostnað markvissari. Því er velt upp hvort vegi meira sparnaður í starfsmannahaldi eða kostnaður við akstur starfsmanna milli starfsstöðva. Hagræði í samnýtingu starfsfólks er spilað á móti útgjöldum við dreifða starfssemi. Á sama hátt er einangruðum yfirstjórnanda spilað á móti núverandi fyrirkomulagi þar sem stjórnandi er í nánnum tengslum við starfsfólk og nemendur. Á

hinn bóginn kemur hér skýrar fram hvornig virkur yfirstjórnandi nýtir millistjórnendur til að laða fram heildstætt skólastarf á öllum starfsstöðvum.

Eins og fram kom að ofan er áberandi hátt hlutfall af færslum frá Litlulaugaskóla sem líta þetta jákvæðum augum. Þannig eru um 70% færslna frá Litlulaugaskóla settar fram sem jákvæðar eða sem kostir við breytinguna. Að hluta til má skýra þetta með því að annað umræðuefnið undir þessum flokki tengdi Framhaldsskólann að Laugum við rekstur grunnskóla í Þingeyjarsveit. Slíkt fyrirkomulag felur í sér styrkingu byggðakjarnans þar. Auk þess er hugsanlegt að íbúar sem tengjast framhaldsskólanum sjái þetta sem kost. En á það ber að líta að færslur sem bregðast við hugmyndinni sem möguleika á uppbyggingu í skólamálum og sameiningu í sveitarfélaginu eru algengari á Laugum en annarsstaðar. Á hinum tveimur stöðunum reyndust um 70% færslna um þetta efni vera á neikvæðum nótum. Lutu jákvæðu færslurnar einkum að hinum almennu atriðum er tengjast sýn íbúa á nauðsyn þess að breyta fyrirkomulagi í skólamálum, ávinningi af stærri kennsluhópum og sparnaði.

Lokaorð

Þegar gögnin eru dregin saman sýna þau skoðanir og viðhorf sem lýsa má í nokkrum megin dráttum. Í fyrsta lagi koma praktísk mál er standa nærri íbúum mjög oft fram. Dæmi eru skólaakstur og húsnæðismál skólanna. Líta má á færslur um kostnað og fjármál sveitarfélagsins sem nokkru víðara sjónarhorn á þessum praktísku málum. Kemur það bæði fram í færslum um beinan sparnað eða kostnað og einnig í áhyggjum af því að breytingum fylgi fækkun starfa og um leið tekjumissir fyrir sveitarfélagið. Þegar kemur að innra starfi skólanna birtast andstæð viðhorf þar sem horft er á breytingar annað hvort sem ógn eða tækifæri. Að síðustu má sjá togstreitu sem tengist búsetu milli þéttbýliskjarnans að Laugum annars vegar og dreifbýlinu hins vegar.

Tvö síðastnefndu atriðin, sterk skólaímynd og togstreita tengd búsetu, eru ef það sem kalla mætti ímyndarvandi. Þessi atriði eru mun djúpstæðari og erfiðri viðfangs en þau fyrrnefndu er lúta að praktískari úrlausnarefnum. Þessir tveir djúpstæðari flokkar sjónarmiða lúta að lífsgildum íbúa og hugmyndum um lífsgæði. Hugmynd íbúanna um hvers eðlis samfélagið sem þeir búa í sé, hver miðpunktur eða þungamiðja þess sé og hvernig framtíðarþróun sé hagstæðust fyrir samfélagsímynd sem stendur hverjum og einum næst.

Íbúar Þingeyjarsveitar deila ekki sameiginlegri „sjálfsímynd“ í búsetulegum skilningi. Á skólasvæði Litlulaugaskóla er byggðarkjarninn að Laugum álitinn þungamiðja sveitarfélagsins. Þar er þungamiðja íbúadreifingar. Þar sjá menn þungamiðju þjónustu. Styrking þéttbýlisins að Laugum er óaðskiljanlegur hluti af því að styrkja samfélagið og sveitarfélagið í augum íbúa þar. Á skólasvæði Stórutjarna vegur Akureyri að minnsta kosti jafn þungt og Laugar, bæði sem þungamiðja íbúadreifingar og sem þjónustukjarni fyrir sveitarfélagið. Ákveðnar vísbendingar eru um að með tilkomu Vaðlaheiðaganga komi íbúar á þessu svæði til með að skynja sig nær Akureyri en Laugum. Í gögnunum frá Hafralæk kemur ekki fram eins skýr mynd af miðpunkti samfélagsins, en hún virðist hallast að Laugum að því marki sem hún kemur fram. Þessi togstreita og ólíka byggðasýn gerir allar breytingar eða þróun á fyrirkomulagi skólamála erfiða, vegna þess að samfélagið sem íbúar sjá fyrir sér að verið sé að verja eða byggja upp er ólíkt. Það má greina djúpstæðan ótta við breytingar. Hann sést í sjónarmiðum þess efnis að umtalsverð byggðaröskun verði í afmörkuðum hlutum sveitarfélagsins í kjölfar breytinga sem snerta þau svæði beint. Fram kemur ótti um fólksflóttu og að breyting fæli fólk frá að flytjast í sveitarfélagið. Þessi ótti kemur fram í færslum á borð við „grundvöllur þess að búa á Laugum farinn“, „drepur niður alla íbúapróun vestan heiðar“, „sveitarfélagið vestan heiðar fer í eyði“ eða að „börn færu í Eyjafjörð en ekki austur

yfir“. Einnig má sjá af almennum sjónarmiðum að hugmyndir um hvað er „miðsvæðis“ og hvað er í „útjæðri sveitarfélagsins“ eru breytilegar eftir búsetu fólks.

Annað atriði sem gerir sveitarfélaginu erfitt fyrir í endurskipulagningu skólamála liggur í samspili sterkrar skólaímyndar og skorts á yfirsýn og þekkingu íbúanna á „hinum“ skólunum í sveitarfélaginu. Hvert skólasamfélaganna þriggja hefur mjög skýra jákvæða ímynd af „sínunum skóla“ og sérstöðu hans. Ímynd skólanna inn á við byggist upp í kringum ákveðna styrkleika og það hvernig nemendur og starfsfólk njóta sín í skjóli þessara styrkleika. Sumt sem fram kemur í gögnunum bendir til að almennt sé horft framhjá ákveðnum veikleikum. Skólaímyndin er dregin upp á mjög jákvæðum nótum, íbúar óttast breytingar vegna óvissu um hvað tekur við. Litið er á það sem óbætanlegt tjón að „skólasamfélagið okkar“ missi sína sérstöðu. Að vissu marki má sjá hliðstæðu við sterk viðbrögð íbúa í Reykjavík nýverið við hugmyndum borgarstjórnar um breytt skipulag skólamála. Mjög erfitt virðist að nálgast íbúa með hugmyndir um breytingar vegna þess að þeir sjá núverandi fyrirkomulag sem besta valkostinn í stöðunni. Af gögnunum virðist sem erfitt sé að fá fram yfirvegaða umræðu um nýjar hugmyndir, eða með hugmyndir sem ógna skólaímyndinni.

Jafn mótsagnakennt og það kann að virðast er það mat höfundar að einu sjónarmiðin sem íbúar Þingeyjarsveitar geta nokkuð almennt tekið undir sé að útilokað sé að breyta núverandi fyrirkomulagi skólamála án þess að ósætti hljótist af og jafnframt að útilokað sé að sveitarfélagið geti rekið núverandi skólakerfi áfram. Í gögnunum fer oft saman vilji til að viðhalda núverandi kerfi og efasemdir um að það sé fjárhagslega mögulegt fyrir sveitafélagið. Því er ljóst að íbúar gera sér fulla grein fyrir því að breytinga er þörf en varnarbarátta eða óvissa um hvað breytingar hafi í för með sér birtist meðal annars í því hve slagorð og upphrópanir eru algengar. Þetta birtist einnig í því að skjaldborg er slegin um skólana og skólamenningu þeirra þegar dregin er upp skólaímynd sem einblínir á styrkleika þeirra. Svo virðist sem ótti við breytingar sé til staðar og ótti við ósætti í samfélaginu.

Ein helsta niðurstaðan af þessari athugun á sjónarmiðum og viðhorfum íbúa Þingeyjarsveitar um skólamál er að ólík sýn íbúa á samfélagsgerð og ólíkir hagsmunir tengdum þéttbýli og dreifbýli er það sem mikilvægast er að taka tillit til við ákvörðun breytinga og framtíðarfyrirkomulags. Þegar horft er á þessa togstreitu liggur ljóst fyrir að miða þurfi breytingar í skólamálum við hagsmuni beggja sjónarmiða. Hætt er við að aðrir hagsmunir verði að víkja, til dæmis vegalengdir í skólaakstri, skólamenning skóla svo eitthvað sé nefnt, til að unnt sé að ná því fram. En byggðasjónarmið og lífsgildi tengd búsetu í litlum þéttbýliskjarna eða í sveit eru án efa djúpstæðustu og mikilvægustu þættirnir sem taka verður tillit til. Að því marki sem unnt verður að taka tillit til praktískari og einfaldari vandamála því auðveldara verður að finna framtíðarfarveg fyrir skólamálin.

Einhverskonar einföldun á rekstrafyrirkomulagi með starfsstöðvum nærri núverandi skólastöðum virðist álitslegasta leiðin sem samræmir tvö ólík sjónarmið.

Starfsstöðvar gera verið sjálfstæðar skólaeimingar eða hluti sameiginlegrar heildar. Þær geta verið misstórar og þannig að, að minnsta kosti yngstu nemendum verði þjónað „innan seilingar“ frá heimili sínu. Almennt virðast íbúar telja nauðsyn að yngri nemendur fái þjónustu nærri sínu heimili, en óljóst hvort þau skil eigi að liggja milli leik- og grunnskóla eða við yngsta stig grunnskólans. Þegar kemur að eldri nemendum virðist að ná megi sátt um margskonar útfærslur sem einfalda skólahlald á því stigi. Það virðist líklegt til að auðvelda sátt um framtíðarskipulag ef horft er til ólíkra leiða eftir aldri nemenda með þessum hætti. Slíkar leiðir virða mikilvæga hagsmuni sem liggja í lífsgildum tengdum búsetu. Þetta eru tvímælalaust þeir hagsmunir sem mestu skipta og viðbúið að veða þurfi og meta, að hve miklu leyti er unnt að koma til móts við aðra hagsmuni sem fram koma í gögnunum.

Eitt af því sem gögnin benda til að muni gera erfitt um vik að ná fram sátt um mótun framtíðarstefnu í skólamálu í Þingeyjarsveit, er að íbúar deila ekki sameiginlegri sjálfsímynd í búsetulegum skilningi eins og komið var inn á að ofan. Nauðsynlegt er að breyta þessu til að samfélagið geti mótað sér heildstæða stefnu til lengri tíma og þróað sameiginlega þungamiðju þjónustu og ímynd samfélagsins.